

Fundargerð 75. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 4. október 2021, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Brothættar byggðir-verkefnið Áfram Árneshreppur**
- 2. Sóknaráætlanir landshluta – drög að kynningarefni**
- 3. Haustfundir stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga**
- 4. Skiptiregla framlaga til sóknaráætlana 2022**
- 5. Byggðaaætlun**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Andri Júlíusson (UTN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Bryndís Eiríksdóttir (ANR), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (UAR), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Eyþór Björnsson (landshlutasamtökunum) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Sigríður Ó. Kristjánsdóttir fráfarandi fulltrúi landshlutasamtakanna sat einnig fundinn.

Á fjarfundi: Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu), Þórarinn Sólmundarson (MMR) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Fjarverandi: Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN).

Formaður setti fund og bauð nýja áheyrnafulltrúa landshlutasamtakanna, Eyþór Björnsson á Norðurlandi eystra velkominn og þakkaði fráfarandi fulltrúa, Sigríði Ó. Kristjánsdóttur fyrir samstarfið undanfarið ár. Því næst var gengið til dagskrár.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Brothættar byggðir-verkefnið Áfram Árneshreppur

Kynning á skýrslunni „Ákall um aðgerðir í þágu heilsársbúsetu í Árneshreppi“. Skúli Gautason verkefnisstjóri og Arinbjörn Bernharðsson formaður verkefnisstjórnar Áfram Árneshreppur kynntu skýrsluna, en Kristján Þ. Halldórsson og Helga Harðardóttir frá Byggðastofnun voru í fjarfundi. Nokkrar umræður urðu í kjölfar kynningarinnar og þeirra tillagna sem þar eru lagðar fram. Það sem helst stendur upp á Stjórnarráðið að bregðast við tengist snjómokstri og þrífösun rafmagns.

2. Sóknaráætlanir landshluta – drög að kynningarefni

Fundarmenn höfðu fengið send drög að kynningarefni um sóknaráætlanir landshluta. Kynningarefnið er meðal annars hugsað fyrir starfsfólk ráðuneyta og stofnana þeirra, starfsfólk sveitarfélaga, kjörna fulltrúa og væntanlega frambjóðendur sem og Alþingisfólk. Fram kom ánægja með útgáfu á slíku kynningarefni. Formaður mun senda drögin til landshlutasamtaka sveitarfélaga til umsagnar.

3. Haustfundir stýrihóps og landshlutasamtaka

Formaður og verkefnisstjóri kynntu mögulega fundadaga. Verkefnisstjóri vinnur málið áfram.

4. Skiptiregla framlaga til sóknaráætlana 2022

Formaður kynnti skiptireglu framlaga til sóknaráætlana. Þegar skiptireglan var samþykkt af ráðherra í nóvember 2019 var jafnframt ákveðið að upplýsingar yrðu uppfærðar og skiptireglan endurskoðuð fyrir

árið 2022 og aftur fyrir árið 2024. Sú vinna er í gangi og stefnt að því að kynna fyrir landshlutasamtökunum á næstu dögum.

5. Byggðaáætlun

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála varðandi endurskoðun byggðaáætlunar og undirstrikaði að sú byggðaáætlun sem samþykkt var árið 2018 er enn í gildi. Sú þingsályktunartillaga að endurskoðaðri byggðaáætlun sem lögð var fram á Alþingi í júní sl. hefur ekki fengið þinglega meðferð og bíður nýs ráðherra.

Formaður upplýsti að vinna við skýrslu ráðherra til Alþingis um framkvæmd byggðaáætlunar árið 2021 væri hafin og að óskað verði eftir liðsinni fulltrúa stýrihópsins um að uppfæra stöðu einstakra aðgerða.

Næsti fundur verður mánudaginn 1. nóvember 2021.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:08